

Tillaga að breytingu á reglum um úthlutun lóða í Sveitarfélaginu Árborg:

REGLUR

um úthlutun lóða í Sveitarfélaginu Árborg

Núverandi 14. gr. reglnanna er svohljóðandi:

14. Gerð lóðarleigusamninga

Lóðarleigusamningur verður ekki gerður fyrr en eftirfarandi skilyrðum hefur verið fullnægt:

- a. Að öll gjöld hafi verið greidd til Sveitarfélagsins Árborgar.
- b. Lokið skal við að steypa sökkla fyrir viðkomandi mannvirki eftir því sem við á.
- c. Eignaskiptayfirlýsing skal liggja fyrir, sbr. 16. gr. laga um fjöleignarhús nr. 26/1994 með síðari breytingum.

Lóðarhafa er óheimilt að framselja leigurétt sinn fyrr en lóðarleigusamningur hefur verið gerður og honum þinglýst. Lóðarhafi ber kostnað af þinglýsingu lóðarleigusamningsins.

Lagt er til að á eftir 1. mgr. komi svohljóðandi texti:

Óski lóðarhafi eftir því getur bæjarráð heimilað að vikið sé frá b. lið 1. mgr. þegar gatnagerðargjöld eru hærri en fjárhæð kr. 100.000.000 vegna einstaka lóðar.

Heimili bæjarráð að vikið sé frá b. lið 1. mgr. við útgáfu lóðarleigusamnings skal í lóðarleigusamningi kveðið á um að leigutaki skuli innan 12 mánaða frá undirritun lóðarleigusamnings hafa lokið uppsteypu á sökklum fyrirhugaðra byggingar á lóðinni. Brjóti leigutaki gegn þeirri skyldu sinni hefur Sveitarfélagið Árborg einhliða heimild til að fella samninginn úr gildi og afturkalla lóðina. Skal þá endurgreiða öll gjöld til leigutaka eða annarra sem öðlast hafa leiguréttinn úr höndum hins upphaflega leigutaka sbr. 6. gr. lóðarleigusamnings og á þá leigutaki eða þeir sem öðlast hafa leiguréttinn úr höndum upphaflegs leigutaka engan rétt til lóðarinnar.